UMFÍ
UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
Engjavegur 6, 104 Reykjavík
568 2929, umfi@umfi.is



# 23. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

**Haldinn 5. ágúst 2023 á Sauðárkróki.**

**Mætt eru**: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Gunnarsson (GG), Gunnar Þór Gestsson (GÞG), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Málfríður Sigurhansdóttir (MS), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Lárus B. Lárusson (LBL) á fjarfundi, Gissur Jónsson (GJ), Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIÞ) framkvæmdastjóri UMFÍ.

**Forföll**: fulltrúi ungmennaráðs

*Formaður setti fund kl. 09:06*

## 1. Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra

- Framkvæmdastjóra falið að taka saman yfirlit um tölvukerfi sem notuð eru af UMFÍ, aðgangs- og leyfismál starfstöðva UMFÍ og yfirfara samninga við þjónustuaðila.
- Stjórn felur gjaldkera stjórnar að ræða við endurskoðendur í samræmi við minnisblað framkvæmdastjóra og fjármálastjóra um endurskoðunarskýrslu.

## 2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- 29. fundargerð framkvæmdastjórnar
- 18. fundargerð ungmennaráðs
- 11. fundargerð sjóða- og fræðslunefndar - uppfærð
- 11. fundargerð fjárhags- og fasteignanefndar
- 10. fundargerð móta- og viðburðanefndar

## 3. Erindi frá nefndum

- Fjárhags- og fasteignanefnd leggur til að stofnaður verði þrautavarasjóður UMFÍ. Stjórn samþykkir að leggja fram tillögu um slíkt á Sambandsþingi í október. Tillagan verður útfærð nánar á næsta stjórnarfundi.
- Móta- og viðburðanefnd lagði fram tillögu við stjórn UMFÍ um móta- og skráningarkerfi fyrir UMFÍ. Stjórn felur framkvæmdastjóra að taka tillit til punkta samhliða uppgjörum á mótum. Stjórn mun fara betur yfir þetta á næsta stjórnarfundi.

## 4. Staða nefndarstarfs og verkefni stjórnar

- Farið yfir stöðu nefndarstarfs og verkefni stjórnar.

## 5. Fjármál

Einar Þ. Eyjólfsson, fjármálastjóri UMFÍ, kom inn fundinn undir þessum lið og sat til loka fundarins.

- Uppgjör fyrstu sex mánaða ársins 2023 lagt fram til kynningar.
- Yfirlit um kostnað vegna flutnings þjónustumiðstöðvar lagt fram.
- Stofnkostnaður Reykir - uppgjör lagt fram.
- Umræða um söluandvirði Sigtúns 42.

**6. Laugarvatn**

- Lögfræðiálit lagt fram. Farið yfir stöðu málsins. Formanni og framkvæmdastjóra falið að gæta hagsmuna UMFÍ í málinu.

**7. Þrastaskógur**

- Farið yfir stöðu málsins.

**8. Sambandsþing**

- Farið yfir helstu áhersluþætti stjórnar fyrir sambandsþing.

**9. Bréf sem borist hafa**

- Frá hópi forráðamanna iðkenda í Umf. Fjölni vegna greiðslufyrirkomulags æfingagjalda. Einnig lá fyrir svar frá Umf. Fjölni. - Erindið er móttekið, framkvæmdastjóra falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.
- Frá þjálfurum nokkurra aðildarfélaga vegna þátttökugreina á Unglingalandsmóti í frjálsum íþróttum. - Erindið er móttekið. Stjórn þakkar fyrir erindið og vísar því til Móta- og viðburðanefndar. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu í samráði við Móta- og viðburðanefnd.
- Frá skotíþróttasambandi Íslands og Lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra vegna skotíþrótta. Vísað til Móta- og viðburðanefndar.

*Stjórn vill koma á framfæri kærum þökkum til starfsfólks UMFÍ, UMSS, sveitarfélagsins Skagafjarðar og sjálfboðaliða vegna vel unninna starfa á Unglingalandsmótinu og við undirbúning þess.*

*Farið yfir fundargerð og hún samþykkt í lok fundar.*

*Fundi slitið kl. 12:47*
*SÓJ ritaði fundargerð*